

Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2023-2025





Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð bæjarstjórnar	6
2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023-2026	7
2.1. Forsendur fjárhagsáætlunar	8
Verðlagsforendur	8
Skatttekjur	8
Aðrar fasteignatengdar tekjur	12
Laun og launatengd gjöld	12
Afskriftir	14
Fjármagnsliðir	14
Lántaka	14
2.2. Fjárfestingaráætlun	15
2.3. Lykiltölur fyrir 2023 – 2026	15
Skuldahlutfall	16
Skuldaviðmið	16
3. Fjölskyldusvið	17
3.1. Innleiðing farsældar laganna	17
3.2. Félagsþjónusta	18
3.3. Barnavernd	18
3.4. Þjónusta við aldraða	18
3.5. Þjónusta við fatlað fólk og byggðasamlag	19
4. Fræðslumál	19
4.1. Leikskólar í Vesturbyggð	20
4.2. Grunnskólar í Vesturbyggð	21
4.3. Tónlistarskóli Vesturbyggðar	21
5. Æskulýðs- og íþróttamál	22
5.1. Félagsmiðstöðvar	22
5.2. Íþróttamannvirki	22
5.3. Styrkir og framlög til íþróttamála	23
6. Menningar- og safnamál	23



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

6.1. Bókasöfn í Vesturbyggð	23
6.2. Skjaldborgarbíó	23
6.3. Félagsheimili í Vesturbyggð	23
6.4. Vatneyrarbúð á Patreksfirði	24
6.5. Muggstofa á Bíldudal	24
6.6. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti	24
6.7. Styrkir og framlög	25
7. Brunamál og almannavarnir	25
7.1. Slökkvilið	25
7.2. Almannavarnir	26
8. Umhverfis- og framkvæmdasvið	26
8.1. Landbúnaðarmál, fjallskil o.fl.	26
8.2. Refa- og minkaeyðing	27
8.3. Umhverfismál	27
8.4. Þjónustumiðstöðvar/áhaldahús	27
8.5. Hreinlætismál	27
8.6. Framkvæmdir	28
Ofanflóðavarnir Patreksfirði	28
Ofanflóðavarnir Bíldudal	28
Gangstéttar og kantsteinar	29
Leiksvæði	29
Tjaldstæði á Patreksfirði	29
8.7. Veitur Vesturbyggðar	29
Vatnsveita	29
Fráveita	29
8.8. Fasteignir Vesturbyggðar	29
9. Fjármála- og stjórnsýslusvið	30
9.1. Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta	30
9.2. Mannauðs- og kjaramál	30
Jafnlaunavottun	30



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Kjarasamningar	30
9.3. Upplýsingatæknimál og persónuvernd	31
Upplýsingatæknimál	31
Persónuvernd	31
9.4. Upplýsinga- og kynningarmál.....	31
Upplýsingastefna.....	31
Heimasíðan – vesturbyggd.is	31
9.5 Atvinnumál	31
10. Hafnir Vesturbyggðar	32
10.1. Almenn um hafnarsjóð Vesturbyggðar.....	32
10.2. Framkvæmdir við hafnamannvirki.....	32
11. Skipulags- og byggingamál.....	33
11.1. Skipulagsmál	33
11.2. Byggingamál og lóðaúthlutanir	33
12. Breytingar á reglugerð um samantekin reikningsskil	33



1. Greinargerð bæjarstjórnar

Undirbúningur og vinna við fjárhagsáætlun 2023-2026 fór fram í gegnum fjarfundi sem og staðarfundi, á samtals 8 fundum haustið 2023.

Á fyrsta bæjarráðsfundi nýrrar bæjarstjórnar, 941. fundi bæjarráðs sem haldinn var 15. júní 2022, staðfesti bæjarráð reglur um fjárhagsáætlunarferli 2023 vegna áætlunar 2024-2026. Mestur þungi vinnunnar fór sem fyrr fram í september, október og nóvember.

Fjárhagsáætlun 2023-2026 ber merki um að mikil uppbygging er í atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og þá kröfu á Vesturbyggð að hafa innviði sveitarfélagsins tilbúna fyrir meira álagi á hafnar svæði, veitukerfi og fjölgun íbúa. Það er bjart framundan í Vesturbyggð og áætlað bæjarstjórn að gera sitt til þess að vinna í rétta átt í rekstri og uppbyggingu sveitarfélagsins.

Lögð er rík áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins, með áherslu á fræðslu-, íþrótt- og uppeldismál auk þess að bæta grunnkerfi sveitarfélagsins.

Það er von bæjarstjórnar Vesturbyggðar að hér sé komin fram áætlun sem sýni raunverulegan rekstur sveitarfélagsins á komandi ári sem og mælt sé fyrir um framkvæmdir sem eru í forgangi hjá sveitarfélaginu og raunhæft að ráðist verði í. Nokkuð er bætt í fjárfestingar á árinu 2023 frá árinu áður. Þá er í áætluninni að finna áætlun fyrir árin 2024, 2025 og 2026 og áætlun um helstu fjárfestingar til næstu ára, sem markar stefnu sveitarfélagsins til þeirrar öflugu framtíðaruppbyggingar sem framundan er í Vesturbyggð með áherslu á skólahúsnæði, hafnarmannvirki og veitukerfi. Unnið verður að undirbúningi uppbyggingar hafnarmannvirkja, veitukerfa og flutnings sorpsöfnunarsvæðis á Patreksfirði.

Lög nr. 103/2021 um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs taka gildi 1. janúar 2023 og frá þeim tíma er sveitarfélögum óheimilt að greiða með málaflokknum um meðhöndlun úrgangs. Vesturbyggð er því skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði viðkomandi þjónustu og taka upp kerfið borgað þegar hent er. Í gjaldskrá um sorphirðu og sorpeyðingu í Vesturbyggð er því gert ráð fyrir 51% hækkun á sorphirðu- og sorpeyðingagjöldum milli ára. Bæjarstjórn mun halda fund með íbúum þar sem farið verður yfir lagabreytingarnar og áhrif á íbúa. Vesturbyggð nýta árið 2023 til þess að rýna þjónustuna og þann kostnað sem er af málaflokknum og kanna aðra möguleika á borgað þegar hent er kerfinu.

Vegna fjölgunar leikskólabarna á Patreksfirði hefur verið unnið að því á árinu 2023 að finna leiðir til að fjölga leikskólalássum. Í árslok 2022 verður pantað nýtt húsnæði sem verður tengt núverandi húsnæði með Arakletti. Viðbótarleikskólaláss sem skapast með viðbyggingunni er ætlað að ná yfir íbúafjölda næstu 10 ára. Ekki er dagsetning á hvenær hægt verður að taka við fleiri börnum á leikskólann, en framkvæmdir hefjast um leið og hægt verður á nýju ári.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Önnur húsnæðismál skólastofnana eru enn fremur ofarlega í forgangsröðun Vesturbyggðar, en haustið 2022 var húsnæði Bíldudalsskóla lokað vegna raka og myglu á afmörkuðum stöðum í húsnæðinu. Verið er að vinna að úttekt á þeim möguleikum sem standa til boða við framtíðarhúsnæði Bíldudalsskóla. Þeir möguleikar sem eru í stöðunni er að gera lagfæringar á húsnæðinu og breyta skipulagi húsnæðisins í samræmi við þarfir nútíma skólastarfs eða byggja nýtt húsnæði þar sem jafnframt yrði litið til bættrar aðstöðu leikskólans Tjarnaborgar. Aðeins er gert ráð fyrir kostnaði við undirbúning framkvæmdarinnar, en þegar í ljós kemur hvaða leið verður farin þarf að taka það sérstaklega fyrir í bæjarstjórn með tillögum að aðgerðum og viðauka við fjárhagsáætlun.

Vegna aukinna umsvifa í framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og stórra verkefna sem þörf er að vinna að er gert ráð fyrir tveimur nýjum stöðugildum í fjárhagsáætluninni. Annars vegar verkefnastjóra til starfa í ráðhúsi Vesturbyggðar og hins nýtt stöðugildi í þjónustumiðstöð, sá starfsmaður yrði staðsettur á Patreksfirði en áhersla er á að starfskraftar áhaldahúsanna séu nýttir í öllu sveitarfélaginu.

Fjárhagsáætlun sú sem hér er lögð fram gerir ráð fyrir að heildartekjur A- hluta á árinu 2023 verði tæpur 1,8 milljarður króna og heildarútgjöld án afskrifta og fjármagnskostnaðar verði um 1,6 milljarður króna.

Í samstæðunni í heild sinni er gert ráð fyrir að heildartekjur verði tæplega 2,2 milljarðar króna en heildarútgjöld verði 1,8 milljarður króna fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Afskriftir eru áætlaðar 108 millj. kr. og fjármagnsliðir 170 millj. kr.

Lántökur vegna fjárfestinga er eðlilegur hluti af rekstri sveitarfélagsins og í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir 320 millj. kr. í lántöku í samstæðunni í fjárfestingarverkefni næsta árs, jafnframt eru áætlaðar 31,4 millj. kr. í lán frá Ofanflóðasjóði á móti fjárfestingunni. Afborganir langtímalána næsta árs eru 181,9 millj. kr.

Haustið 2022 fóru af stað óformlegar sameiningaviðræður milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, sem munu standa yfir á árinu 2023. Þegar lengra líður á samræðurnar verður ákveðið hvort farið verði í formlegar sameiningaviðræður. Ef viðræðurnar fara í formlegt horf er ljóst að sveitarfélögin munu leggja upplýsingar fyrir íbúa, halda upplýsinga og umræðufundi og á endanum að gefa íbúum kost á að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna.

2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023-2026

Hér er fjallað um þær helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2023 – 2026. Útgönguspá ársins 2022 tekur mið af fjárhagsáætlun ársins með samþykktum viðaukum og mati á þróun skatttekna.




2.1. Forsendur fjárhagsáætlunar

Verðlagsforendur

Í fjárhagsáætluninni er tekið mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út 11. nóvember 2022 um að almenn verðlagsbreyting verði 5,6% á milli árunna 2022 og 2023. Gert var ráð fyrir 3% verðbólgu milli árunna 2021 og 2022, en í framangreindri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að raun verðlagsbreytingar verði 8,2%, sem hefur haft mikil áhrif á rekstrar- og fjármagnskostnað sveitarfélagsins. Til þess að mæta þeirri raunhækkun sem hefur verið á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins eru rekstrartekjur hækkaðar um 7% frá fjárhagsáætlun 2022 við gerð fjárhagsáætlunar 2023.

Við gerð áætlunarinnar fyrir árin 2023-2026 var stuðst við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands um þróun verðlags milli hvers árs en áhrifin aðeins reiknuð á rekstrarliði. Þriggja ára áætlunin byggir því á magnbreytingum, fjölgun íbúa og auknum umsvifum í uppbyggingu og atvinnurekstri. Að öðru leyti er gert ráð fyrir föstu verðlagi á öðrum þáttum, þ.m.t. tekjum, launum og öðrum rekstrarkostnaði. Afskriftir eru reiknaðar m.v. þróun eigna og fjárfestinga.

Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla



Skatttekjur

Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 1.493 millj. kr. Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fasteignaskatti og lóðaleigu. Nánar er gerð grein fyrir einstökum liðum skatttekna hér að neðan:



Vesturbyggð


Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Útsvar

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,52%, sem er leyfilegt hámarksútsvars. Samkvæmt 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, er útsvar einn af mikilvægustu tekjustofnum Vesturbyggðar. Samkvæmt 19. gr. laganna skulu þeir sem skattskyldir eru skv. lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 greiða útsvar af tekjum sínum til Vesturbyggðar og fellur það óskipt til sveitarfélagsins. Útsvarið er greitt til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi einstaklingur átti lögheimili á árinu og er því mikilvægt að þeir sem búa og starfa í Vesturbyggð séu með skráð lögheimili sitt í sveitarfélaginu. Við áætlun útsvarstekna fyrir árið 2023 er m.a. tekið mið af áætlunum hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga ásamt íbúapróun í Vesturbyggð.

Fjárhagsáætlunin 2023 gerir ráð fyrir að útsvarstekjur verði 920,5 millj. kr. borið saman við 746,7 millj.kr. í áætlun ársins 2022, sem stendur í 803 millj. kr. á árinu 2022 samkvæmt útkomuspá 8. desember 2022.

Á árinu 2021 fjölgaði íbúum Vesturbyggðar um 6,3% frá upphafi árs 2021. Íbúar Vesturbyggðar voru 1.131 í upphafi árs. voru í upphafi árs 2022 en 8. desember voru íbúarnir 1.174 talsins þ.e. 3,8% fjölgun íbúa það sem af er ári 2022. Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir 3,3% fjölgun íbúa í Vesturbyggð frá fyrra ári.



Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir 7% hækkun launa frá árinu 2022. Allir kjarasamningar voru lausir við vinnslu fjárhagsáætlunar og því mikil óvissa við launahækkunir í landinu.



Vesturbyggð


Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Fasteignaskattur og lóðaleiga.

Fasteignaskattur er áætlaður 113,1 millj. kr. en var skv. fjárhagsáætlun 2022 með viðaukum samtals 93,0 millj. kr., heildarhækkun tekna vegna fasteignagjalda árið 2023 nema því 21,6% á milli ára. Hækkun á fasteignaskatti milli ára skýrist m.a. af mikilli hækkun fasteignamats í Vesturbyggð sem hækkaði um 20,5% á milli ára. Á Patreksfirði nemur hækkun á sérbýli um 14,1% og hækkun á fjölbýli 48,3% á meðan hækkun á sérbýli á Bíldudal hækkar um 43,1% og á fjölbýli hækkar fasteignamatið um 13,7%. Sú hækkun sem var á fasteignamati milli áruna 2021 og 2022 á sérbýli á Patreksfirði kemur núna fram í sérbýli á Bíldudal og fjölbýli á Patreksfirði. Áfram eru veittir afslættir af fasteignaskatti til eldri borgara og öryrkja samkvæmt ákveðnu tekjuviðmiði sem hækkar um 7% á milli ára.

Lóðaleiga verður óbreytt frá fyrra ári, lóðaleiga fyrir íbúðarhúsnaði er 1% og 3,75% á annað húsnaði.

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda verður óbreyttur.



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er jöfnunarsjóður einn þriggja meginstofna sveitarfélaga og er mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarfélaga, en hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum. Framlög sjóðsins skiptast í sérstök framlög, tekjujöfnunarframlag, útgjaldajöfnunarframlag, jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlags vegna þjónustu við fatlað fólk. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga vegna m.a. fasteignagjalda. Útgjaldajöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem hafa áhrif á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli og fleiri þættir sem breytilegir geta verið milli sveitarfélaga.



Vesturbyggð


Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Fjárhagsáætlun 2023 byggir á áætlun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en um 26% af tekjum Vesturbyggðar í A hluta koma í gegnum Jöfnunarsjóð. Ekki er hægt að áætla nákvæmlega framlög úr Jöfnunarsjóði, þar sem upplýsingar um áætluð framlög liggja ekki fyrir. Því er árlega litið til þróunar greiðslna úr Jöfnunarsjóði við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Samkvæmt útkomuspá ársins 2022 er áætlað að framlög Jöfnunarsjóðs verði 427 millj. kr., en við gerð fjárhagsáætlunar 2022 var gert ráð fyrir að framlög sjóðsins yrðu 385 millj. kr. Tekjur Vesturbyggðar af framlögum Jöfnunarsjóðs hafa því náð sömu nafnverðsfjárhæð og árið 2018, en frá árinu 2019 lækkuðu tekjur sveitarfélagsins af sjóðnum verulega. Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs til Vesturbyggðar árið 2023 verði kr. 468 millj. kr.

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Samtals framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	379.692	424.399	371.892	338.066	376.599	426.850	468.395

Þróun skatttekna 2021-2026

Þróun rekstrartekna





Aðrar fasteignatengdar tekjur

Vatnsveita

Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli vatnsgjalds frá árinu 2022, sem er 0,38% á íbúðarhúsnæði og 0,5% af öðru húsnæði. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur vatnsveitna verði 67,5 millj. kr. en heildarútgjöld eru áætluð 37,9 millj. kr.

Fráveita


Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli fráveitugjalds sem er 0,38% á íbúðarhúsnæði og 0,40% á annað húsnæði. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur frá fráveitu verði 44,9 millj. kr. en heildarútgjöld eru áætluð 22,1 millj. kr.

Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrár Vesturbyggðar er 7% sem tekur m.a. mið af áætlaðir verðbólgu ársins 2022 og 2023, en á árinu 2022 voru almennar hækkanir á gjaldskrár 2,5%. Fæði í leikskólum og grunnskólum verður ekki hækkað frá árinu 2022.

Laun og launatengd gjöld


Við vinnu við fjárhagsáætlun 2023 eru nær allir kjarasamningar lausir og því mikil óvissa við gerð launaáætlunar, þar sem ekki er hægt að miða hækkun launaáætlunar ársins 2023 við kjarasamninga. Við áætlun launa á árinu 2023 er því litið til áætlunar stjórnenda auk 7% hækkunar í samræmi við verðbólguþá. Ekki er gert ráð fyrir öðrum launahækkunum en í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Laun og launatengd gjöld ársins 2023 eru áætluðum 1.082 millj. kr. hjá samstæðu A- og B-hluta Vesturbyggðar á árinu 2022.





Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.




Almennir rekstrarliðir

Samkvæmt áætluninni er annar rekstrarkostnaður fyrir A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar, fyrir utan afskriftir, samtals 709,7 millj. kr. á árinu 2023.

Þróun rekstrarkostnaðar, lífeyrissjóðsskuldbindinga og laun og launatengd gjöld 2021-2026

Þróun rekstrargjalda





Afskriftir

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar í samræmi við afskriftarhlutföll, áætlaðan líftíma eigna, fjárfestingar ársins og aðrar breytingar á fastafjármunum.


Fjármagnsliðir

Verðbólga er áætluð 5,6% á árinu 2023. Í fjárhagsáætluninni er tekið mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út 11. nóvember 2022 um að almenn verðlagsbreyting verði 5,6% á milli árunna 2022 og 2023. Gert var ráð fyrir 3% verðbólgu milli árunna 2021 og 2022, en í framangreindri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að raun verðlagsbreytingar verði 8,2%, sem hefur haft mikil áhrif á rekstrar- og fjármagnskostnað sveitarfélagsins. Til þess að mæta þeirri raunhækkun sem hefur verið á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins eru rekstrartekjur hækkaðar um 7% frá fjárhagsáætlun 2022 við gerð fjárhagsáætlunar 2023.

Lántaka

Samkvæmt áætluninni er hluti af fjárfestingum Vesturbyggðar á árinu 2023 fjármagnaður með langtímalánum. Áætlað er að taka ný lán upp á 320 m.kr. vegna framkvæmda sveitarfélagsins. Afborganir langtímalána á árinu 2023 eru áætlaðar 181,9 millj. kr. Gert er ráð fyrir að skuldastaða Vesturbyggðar aukist um kr. 236 millj. kr.

Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum





2.2. Fjárfestingaráætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2023 nema samtals 452 millj. kr. Heildar fjárfesting næstu 4 ára nema um 1.450,5 millj. króna. Þó skal hafa í huga að ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða fjárfestingar verður farið í vegna skólastarfs á Bíldudalsskóla, en það liggur ljóst fyrir að annað hvort þurfi að fara í lagfæringar á núverandi skólahúsnæði sem var rýmt á árinu 2022 eða byggingu nýs skóla. Í þessu samhengi er jafnframt verið að líta til bættrar aðstöðu leikskólans á Bíldudal. Kostnaðurinn við þá framkvæmd sem ákveðið verður að fara í liggur ekki fyrir að svo stöddu og er hún því ekki inn í framlagðri fjárfestingaráætlun.

Fjárfestingaryfirlit				
Fjárfesting				
	Árið 2023	Árið 2024	Árið 2025	Árið 2026
A hluti				
Eignarsjóður				
Félagsheimili	10.359	5.000	10.000	0
Skólahúsnæði	149.116	228.550	33.492	20.250
Íþróttamannvirki	7.094	3.000	2.000	10.140
Ofanflóðavamir, vasmargarðar	31.350	6.900	1.200	0
Ofanflóðavamir - lán til lækunar á fjárfestingu	-31.350	-6.900	-1.200	0
Slökkvibílfreiðar og tæki	69.000	5.000	5.000	5.000
Götur og innviðir	49.194	13.000	110.000	60.000
Tjaldsvæðið	5.000	5.000	10.000	10.000
Hjúkrunarrými	0	25.000	25.000	25.000
Aðrar eignir í eignarsjóði	13.404	26.099	10.400	800
Áhaldahús/slökkvistöðvar	12.600	9.000	0	0
A hluti samtals	315.767	319.649	205.892	131.190
B hluti				
Hafnarsjóður				
Fráveita	16.070	3.500	3.500	3.500
Vatnsveita	34.342	20.000	30.600	30.600
Fasteignir Vesturbyggðar	7.004	0	0	0
Aðrar eignir í B - hluta	0	0	15.000	0
B hluti samtals	136.316	88.500	134.100	119.100
Samantekið - A og B hluti	452.083	408.149	339.992	250.290

Fjárfestingaráætlun Vesturbyggðar árin 2024 – 2026 sýna aðeins stefnumörkun bæjarstjórnar Vesturbyggðar um fyrirhugaðar fjárfestingar en fela ekki í sér ákvörðun.

2.3. Lykiltölur fyrir 2023 – 2026

Hér að neðan eru tilgreindar afkomutölur og reiknaðar stærðir í fjárhagsáætlun Vesturbyggðar fyrir árin 2021-2026.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Lykiltölur	Rauntölur 2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
Breyting tekna milli ára.....		8,4%	13,6%	5,1%	5,0%	5,0%
Breyting gjalda milli ára.....		4,9%	16,9%	4,5%	4,5%	4,4%
Íbúafjöldi 31. desember.....	1.131	1.181	1.231	1.281	1.331	1.381
Rekstrartekjur, þar af.....	1.764.705	1.912.753	2.171.997	2.281.874	2.396.605	2.516.393
Útsvar.....	719.354	777.975	893.183	957.455	1.024.779	1.095.280
Fasteignaskattur.....	98.080	109.436	130.991	136.191	141.597	147.217
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	376.599	426.850	468.395	491.815	516.406	542.226
Aðrar tekjur.....	570.672	598.492	679.428	696.414	713.824	731.670
Rekstrargjöld.....	1.481.305	1.551.147	1.812.031	1.882.174	1.960.702	2.042.772
Laun og launatengd gjöld.....	867.249	897.131	1.082.302	1.140.872	1.202.453	1.267.194
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	61.808	17.000	20.000	15.000	15.000	15.000
Annar rekstrarkostnaður.....	552.247	637.016	709.729	726.302	743.249	760.578
Framlegð (EBITDA).....	283.400	361.606	359.967	399.700	435.903	473.621
Afskriftir.....	85.095	91.549	108.124	125.060	137.477	147.757
EBIT.....	198.305	270.057	251.843	274.640	298.426	325.864
Veltufé frá rekstri.....	283.837	333.524	317.860	347.687	381.039	421.200
Handbært fé frá rekstri.....	220.961	327.607	311.943	341.770	375.122	415.283
Afborganir.....	195.634	173.757	181.933	185.835	188.869	193.590
Fjárfestingar.....	164.791	286.702	452.084	408.149	324.992	250.290
Vaxtagreiðslur.....	34.130	46.272	62.138	67.100	69.995	68.378
Fjárförpör ársins (Framlegð - vextir, afborganir og fjárfesting).....	(111.155)	(145.126)	(336.188)	(261.383)	(147.952)	(38.637)

Skuldahlutfall


Við útreikning skuldahlutfallsins er tekið tillit til allra skulda og skuldbindinga, þar á meðal langtímaskulda, skuldbindinga vegna leigu- og rekstrarsamninga, lífeyrisskuldbindinga og skammtímaskulda. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar verði 120,1% í árslok 2022 en var í árslok 2021 127,8% Sveitarfélagið er nú þegar bundið í kostnaðarsömum og stórum fjárfestingaverkefnum sem lengi hefur verið beðið eftir, má þar nefna ofanflóðaframkvæmdir á Patreksfirði og framkvæmdir við Bíldudalshöfn.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið reiknast út frá skuldahlutfalli að teknu tilliti til útreikninga skv. 14. gr. reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012, með síðari breytingum. Skuldaviðmið A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar er áætlað að verði 93,2% í árslok 2022 en var skv. ársreikningi 2021, 92,6%. Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.



Skuldahlutfall og skuldaviðmið



3. Fjölskyldusvið

Með breytingu á skipuriti Vesturbyggðar 1. maí 2019 tók til starfa Fjölskyldusvið. Sviðið fer með málefni félagsþjónustu, barnaverndar, grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, æskulýðs- og íþróttamál og fl. Á sviðinu er veitt ráðgjöf og aðstoð sem lítur að velferð íbúa í Vesturbyggð, s.s. vegna málefna aldraðra, fatlaðs fólks, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, húsnæðismál, málefni er varða börn og unglíngja, félagslega ráðgjöf, jafnréttismál, innflytjendamál, barnavernd, málefni erlendra íbúa og fl. Vesturbyggð rekur byggðasamlag Vestfjarða í málefnum fatlaðs fólks ásamt öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum.

3.1. Innleiðing farsældar laganna

Unnið var að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022. Samstarf er á milli fjölskyldusviðs og annarra þjónustuaðila til að innleiðing laganna verði með viðunandi hætti og samþætting þjónustu við börn verði náð.

Auk nýju laganna um farsæld barna er einnig verið að innleiða breytingar á barnaverndarlögum og í samræmi við þær breytingar eru stofnuð umdæmisráðs sem tekur við hluta af verkefnum velferðarráðs, m.a. að úrskurða í íþyngjandi ráðstöfunum barnaverndarþjónustu umdæmisins. Flest sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja hafa tekið ákvörðun um stofnun sameiginlegs umdæmisráðs sem verður staðfest í lok ársins 2022. Enn fremur er unnið að útfærslu sameiginlegrar barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum, sem jafnframt er í samræmi við lögin til að vinna að öðrum minna íþyngjandi ráðstöfunum í tengslum við velferð barna. Vesturbyggð hefur óskað eftir undanþágu frá lögnum þar



til að þeim árangri er náð og gert er ráð fyrir að þjónustan verði óbreytt þar til þjónustueiningin hefur verið stofnuð.

Á 67. Fjórðungþingi Vestfirðinga sem haldið var haustið 2022 var ákveðið að stofna starfshóp um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfirðum. Vinna stendur yfir hjá starfshópnum sem kláruð verður í byrjun árs 2023. Ef af meira samstarfi verður er áætlað að það nái a.m.k. yfir þjónustu við fatlað fólk, barnaverndarþjónusta og málefni flóttafólks. Áætlað er að nánara skipulagi þjónustunnar muni ljúka á fyrri hluta ársins 2023.

Eftir innleiðingu laganna mun kostnaður sveitarfélagsins aukast í félagsþjónustu og barnaverndarþjónustu, en ekki liggur enn fyrir að hvaða leiti kostnaðurinn muni aukast. Kostnaðurinn felst m.a. við ráðningu umdæmisráðs, meira utanumhaldi og samráði vegna barnaverndarmála og aukinni áherslu á farsæld barna.

3.2. Félagþjónusta

Hlutverk félagsþjónustu Vesturbyggðar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa í sveitarfélaginu á grundvelli samhjálpar sbr. ákvæði laga um félagsþjónustusveitarfélaga nr. 40/1991. Leitast skal við að tryggja íbúum í Vesturbyggð félagslegt öryggi með heildstæðri félagslegri þjónustu. Með skipulagðri félagsþjónustu er lögð áhersla á að réttur íbúa sé ljós og einstaklingum ekki mismunað. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs sinnir verkefnum félagsmálastjóra Vesturbyggðar.

Í fjárhagsáætlun 2023 er lögð áhersla á aukna þjónustu við barnafjölskyldur í Vesturbyggð. foreldragreiðslur verða tvöfaldaðar á árinu til foreldra að loknu fæðingarorlofi þar til barn kemst í leikskóla. Einnig er áfram gert ráð fyrir styrk til dagforeldra til starfa á Barðaströnd.

Útgjöld til félagsþjónustu að frádregnum tekjum eru áætluð 84,7 millj. kr. á næsta ári miðað við 71,1 millj. kr. árið 2022. En eins og fram kemur í kaflanum um innleiðingu farsældar laganna er hækkun á kostnaði ekki alveg ljós að svo stöddu.

3.3. Barnavernd

Á árinu 2022 verður unnið í innleiðingu breytinga á barnavernd vegna laga um samþættingu þjónustu við börn sem staðfest voru á Alþingi 2021 og öðlast gildi 1. janúar 2022. Á árinu 2022 var gildistöku hluta ákvæða laganna frestað til 1. janúar 2023. Við þetta mun hlutverk Velferðarráðs því breytast. Auk framangreindrar þjónustu sinnir fjölskyldusvið umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar, vistforeldrar, stuðningsfjölskyldur eða umsóknir um leyfi til ættleiðinga barna.

3.4. Þjónusta við aldraða

Markmið þjónustu við aldraða er að aldraðir geti eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf og þjónusta sé veitt á því þjónustustigi sem henti þörfum hvers og eins. Eftirfarandi þjónusta er veitt á Fjölskyldusviði Vesturbyggðar:



- Félagsleg heimaþjónusta
- Heimsendur matur í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði
- Félagsstarf aldraðra á Barðaströnd, Patreksfirði og Bíldudal

Eftir að áhrif við samkomutakmarkanir vegna Covid-19 lauk hefur þjónusta við aldraða aukist að nýju. Stefnt er að setja af stað verkefni um aukinn líkamlegan styrk aldraðra í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Félagsstarf fer nú fram í Laufinu, Barðaströnd, Eyraseli, Patreksfirði og Muggsstofu, Bíldudal. Nýr starfsmaður var ráðinn á Bíldudal sem einnig er forsvarsmáður samfélagsmiðstöðvarinnar Muggsstofu. Þá hefur sveitarfélagið komið að undirbúningi vegna endurnýjunar á hjúkrunarrýmum við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði og eru þar til skoðunar viðbótarrými á vegum sveitarfélagsins, m.a. fyrir félagsstarf aldraðra og dagvistun. Enn er unnið að skipulagningu framkvæmdanna, en áætlað er að hönnun fari af stað á árinu 2023. Félagsstarf aldraðra er gjaldfrjálst eftir að breytingar voru gerðar á innritunargjaldi á árinu 2022 sem hefur mælst vel fyrir.

3.5. Þjónusta við fatlað fólk og byggðasamlag

Markmið þjónustu við fatlað fólk er að það eigi kost á sem bestri þjónustu á hverjum tíma, til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Þjónustan er veitt í gegnum byggðasamlag Vestfjarða í málefnum fatlaðs fólks en eins og fram kemur í kaflanum um innleiðingu farsældar laganna er verið að skoða breytingar á þjónustunni með víðtækari verkefnum í velferðarþjónustu.

Ljóst er að frá yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna hefur hann verið vanfjármagnaður frá ríkinu. Sveitarfélög vinna sameiginlega að því að fjármagn til málaflokksins verði bætt í samræmi við breytt umfang og bætt þjónustu.

4. Fræðslumál

Undir fræðslumál í Vesturbyggð falla málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskólans. Heildarútgjöld vegna fræðslumála í Vesturbyggð að frádregnum tekjum eru 772,8 millj. kr. á árinu 2023 samanborið við 654,8 millj. kr. sem áætlað var í fjárhagsáætlun ársins 2022.

Tveir leikskólar eru reknir í Vesturbyggð, Tjarnarbrekka á Bíldudal og Araklettur á Patreksfirði, þá er elsti árgangur leikskólabarna í leikskóladeildinni Klif í Patreksskóla. Leikskólabörn árið 2023 verða í kringum 75 talsins.

Tveir grunnskólar eru reknir í Vesturbyggð, Bíldudalsskóli og Patreksskóli og þar er boðið upp á frístund. Samtals er áætlað að grunnskólubörn í Vesturbyggð verði um 120 á árinu 2023.

Tónlistarskóli Vesturbyggðar þjónar öllum íbúum í Vesturbyggð og erum um 55 nemendur sem stunda nám við skólann.



Á árinu 2022 var skólastefna Vesturbyggðar endurskoðuð frá árinu 2014, vinnan við endurskoðun stefnunnar var gefandi og var þátttaka góð. Innleiðing stefnunnar hefur gengið vel.

Leikskólinn Araklettur er fullur og börn um 14 mánaða aldur komast ekki að á leikskólanum. Til að mæta fjölgun leikskólabarna á Patreksfirði til næstu 10 ára miðað við mannfjöldaspá Vesturbyggðar stendur yfir vinna við pöntun á nýrri byggingu við Araklett. Enn fremur er verið að huga að langtímaáætlun í húsnæðismálum Arakletts og skipulagningu leikskólastarfseminnar.

Á árinu 2022 var allt leik- og grunnskólahúsnæði sveitarfélagsins tekið út vegna raka og myglu. Niðurstöðurnar voru verstar við Bíldudalsskóla þar sem á afmörkuðum svæðum greindist mygla í húsnæðinu en almennt mikil raki. Þegar niðurstöður lágu fyrir var ákveðið í samráði við starfsfólk skólans að hætta að nota skólahúsnæðið og flytja starfsemi skólans í önnur húsnæði. Starfsemin fer núna fram í Gamla skólanum, Skrímslasetrinu og Muggsstofu. Nú er unnið að mati á næstu skrefum, þ.e.a.s. hvort það borgi sig að gera lagfæringar á núverandi skólahúsnæði eða að byggja nýtt. Í þessu samhengi þarf að huga að húsnæðismálum leikskólans Tjarnabrekku. Við matið er verið að horfa til langtímaáætlunar og að verkefnið verði unnið í þrepum, með skýra framtíðarsýn í húsnæðismálum skólastíganna tveggja á Bíldudal. Áætlaðar eru 20 milljónir á árinu 2023 til hönnunar og undirbúnings þessa verkefnis.

4.1. Leikskólar í Vesturbyggð

Framlög til leiksskóla verða 211 millj. kr. en voru áætluð 176 millj. kr. í fjárhagsáætlun 2022. Áframhaldandi er rekstur leikskóladeildar undir Patreksskóla sem tók til starfa 2019.

Nýr leikskólastjóri tók til starfa við leikskólann Araklett haustið 2022. Skólastjóri Bíldudalsskóla er jafnframt leikskólastjóri Tjarnabrekku.

Biðlisti hefur myndast við leikskólann Araklett, hönnun á viðbótar leikskólabyggingu sem verður tengd við fyrri byggingu er lokið og verið er að leita tilboða í verkið. Byggingin er um 144 m² og áætlað er að Araklettur rúmi því 20-30 börn fleiri eftir að skólinn verður stækkaður. Um er að ræða svokallaða ævintýraborg, en þeim hefur fjölgað mikið undanfarin ár á höfuðborgarsvæðinu við mikla ánægju starfsfólks, barna og foreldra. Áætlað er að byggingin verði pöntuð fyrir lok árs 2022 og komið upp á vormánuðum 2023. Þegar hægt verður að segja til um hvenær viðbyggingin verður tekin í notkun verður hægt að áætla hvenær tekið verður við fleiri börnum á leikskólann Araklett. Á árinu 2023 er enn fremur gert ráð fyrir lagfæringum á núverandi húsnæði Arakletts.

Eins og að framan má sjá er áframhaldandi fjölgun barna í Vesturbyggð. Áætlað er að að á leikskóladeild Patreksskóla verði um 10 börn á árinu 2023, við Araklett verði um 52 börn 2023 og á Tjarnabrekku 12 börn. Áfram verður við það miðað að börn komist inn á leikskóla í Vesturbyggð við 14 mánaða aldur. Leikskólagjöld hækka um 7% í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkanir hjá sveitarfélaginu, fæði við leikskólann hækkar ekkert milli ára.




Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

4.2. Grunnskólar í Vesturbyggð

Framlög til grunnskóla Vesturbyggðar verða 433,7 millj. kr. í stað 372 millj. kr. á árinu 2022. Grunnskólaframlag Jöfnunarsjóðs hefur dregist verulega saman en framlagið hefur lækkað um 41% síðan 2018 á meðan kostnaður við rekstur grunnskóla hefur hækkað um um 13% á sama tímabili.

Miklar lagfæringar eru áætlaðar á Patreksskóla á árinu 2023, til að bæta brunavarnir, hljóðvist og endurnýjun glugga og hurða.



	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Grunnskólaframlag	117.000	127.000	166.000	137.000	104.000	88.000	87.000	94.200
Kostnaður við rekstur Grunnskóla*	258.563	278.911	300.420	317.821	341.086	339.310	371.785	433.700

*Ekki er hér tekið tillit til annars kostnaðar s.s. við mótuneyti, skólaakstur o.fl.

** útkomuspá 2022

4.3. Tónlistarskóli Vesturbyggðar

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að framlög til tónlistarskólans í Vesturbyggð verði 41,4 millj. kr. á árinu 2023, en í áætlun 2022 með viðaukum var gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 36,6 millj. kr. Gjöld vegna tónlistarnáms hækka um 7% en gjöld vegna tónlistarnáms í Vesturbyggð eru mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum. Aukin aðsókn hefur verið í nám við tónlistarskólann sem er virkilega ánægjulegt, en fjöldi iðkenda á grunnskólaaldri er 65 sem er rúmlega 50% af nemendum í grunnskólum Vesturbyggðar. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám á Bíldudal og Patreksfirði, m.a. í píanó, gítar,



rafmagnsgítar, bassa, ukulele, fiðlu, flautu, klarinett, saxófón, trompet og básúnu. Þá sinnir tónlistarskólinn einnig forskólakennslu í leikskóladeild Patrekskóla og 1. bekk grunnskólanna. Haustið 2022 hóf barnakór jafnframt starfsemi sína. Tónlistarskólastjóri sem ráðinn var 2020 heldur áfram sem skólastjóri tónlistarskólans.

5. Æskulýðs- og íþróttamál

Framlög til æskulýðs- og íþróttamála er annar stærsti málaflokkur sveitarfélagsins en heildarútgjöld að frádregnum tekjum fyrir árið 2023 munu nema 192,3 millj. kr. samanborið við 146,7 millj. kr. í fjárhagsáætlun 2022. Undir málaflokkinn fellur rekstur íþróttamiðstöðva, sundlauga, félagsmiðstöðva, vinnuskóli og stuðningur við íþróttafélög í Vesturbyggð.

5.1. Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar í Vesturbyggð eru tvær, Dímon á Bíldudal og Vest-End á Patreksfirði. Félagsmiðstöðvarnar hafa starfað 9 mánuði ársins, frá september til maí. Haustið 2022 var gerð sú breyting að sér opnun var fyrir krakka á miðstigi í Vest-End á Patreksfirði. Á árinu 2023 er áætlað að félagsmiðstöðvarnar verði jafnframt opnar hluta úr sumri og bæti þannig félagslíf unglinga í sveitarfélaginu. Starfandi íþrótt- og tómsundafulltrúi hefur sagt upp starfi sínu og hættir í upphafi árs 2023. Auglýst verður eftir frístundafulltrúa sem hefur ásamt öðrum verkefnum yfirumsjón með félagsmiðstöðvunum.

5.2. Íþróttamannvirki

Vesturbyggð rekur tvö íþróttahús, Byltu á Bíldudal og Bröttuhlíð á Patreksfirði. Þó nokkrar framkvæmdir hafa staðið yfir í húsunum tveimur á árinu 2022.

Í Bröttuhlíð var á árinu 2022 kláruð mikil vinna við viðhald búningsklefa. Einnig var sett upp nýtt hlaupabretti í Bröttuhlíð sem bætir töluvert aðstöðu hlaupafólks á svæðinu. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir áframhaldandi vinnu við sturtuklefa og farið verður í vinnu við endurnýjun flóttaleiða.

Á árinu 2022 var byggt utan um heita pottinn við Byltu og aðstaðan á útisvæði því bætt, einnig hefur verið keypt LED lýsing í Byltu sem vonandi verður hægt að setja upp fljótlega á árinu 2023, áfram er unnið að hugmyndum um klifurvegg.

Almenn hækkun á gjaldskrá íþróttamiðstöðva er 7% og eru íbúar hvattir til að nýta sé þann kost að kaupa tímakort eða árskort sem í boði eru á hagstæðu verði.

Vesturbyggð rekur tvo íþróttavelli, Völuvöll í Bíldudal og Vatneyrarvöll á Patreksfirði.

Áfram verður unnið að gerð heilsustíga í sveitarfélaginu.



5.3. Styrkir og framlög til íþróttamála

Vesturbyggð rekur íþróttaskóla í samstarfi við Tálknafjarðahrepp og HHF og nema framlög Vesturbyggðar til skólans samtals 4,9 millj. kr. á árinu 2023. Áfram mun frístundafulltrúi, áður íþrótt- og tómstundafulltrúi, sjá um starfsemi íþróttaskólans sem og heldur utan um verkefni sem snúa að félagsmiðstöðvum og almenningssamgöngum í samstarfi sveitarfélaganna tveggja. Auglýst verður eftir frístundafulltrúa í lok árs 2022.

6. Menningar- og safnamál

Fjárhagsáætlunin 2023 gerir ráð fyrir að heildarútgjöld að frátöldum tekjum vegna menningarmála verði 58,2 millj. kr. Menningarmálin eru dreifð eftir einstaka málaflokkum undir fjölskyldusvið, fjármála- og stjórnsýslusvið og umhverfis- og framkvæmdasvið.

6.1. Bókasöfn í Vesturbyggð

Framlög til bókasafna á Patreksfirði og Bíldudal verða 13,6 millj. kr. Bókasöfnin voru formlega sameinuð árið 2022 og eru rekin undir einum forstöðumanni sem heldur utan um öll innkaup á bókakosti fyrir bókasöfnin. Þann 1. október 2021 opnaði Muggsstofa, samfélags- og nýsköpunarmiðstöð á Bíldudal formlega þar sem starfsemi bókasafns Bílddælinga fer nú fram. Einnig hefur verið í boði þjónusta bókasafnsins fyrir íbúa á Barðaströnd sem geta pantað og nálgast bækur í Birkimel.

6.2. Skjaldborgarbíó

Skjaldborgarbíó er mikilvægur þáttur í menningarlífi Vesturbyggðar og er ástæða til að þakka Lionsmönnum á Patreksfirði fyrir þá miklu og góðu vinnu sem þeir hafa lagt til starfsemi bíósins á þessu ári sem fyrr, en mikið hefur verið um menningarviðburði í Skjaldborgarbíói á árinu 2022, m.a. Skjaldborgarhátíðin sem var haldin í fyrsta skipti í 2 ár, heimildamyndir Skjaldbökkunnar og leikritið Góðan daginn faggi svo fátt eitt sé nefnt.

6.3. Félagsheimili í Vesturbyggð

Vesturbyggð rekur þrjú félagsheimili, félagsheimili Patreksfjarðar, Baldurshaga og Birkimel. Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir áframhaldandi viðhaldsverkefnum. Málefni félagsheimila í Vesturbyggð heyra undir umhverfis- og framkvæmdasvið. Rekstrarkostnaður þessara mikilvægu menningarbygginga er mjög hár, enda um að ræða stórar byggingar sem komnar eru til ára sinna. Tekjur hafa því miður ekki náð að standa undir rekstri þeirra. Félagsheimilin gegna mikilvægu hlutverki í menningarstarfi og félagsstarfsemi innan sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt að unnt sé að reka félagsheimilin með þeim hætti að tekjur af þeim standi undir rekstrarkostnaði þeirra. Gjaldskrá félagsheimilanna hækka um 7% líkt og aðrar gjaldskrár sveitarfélagsins.

Á árinu 2022 verða klárað framkvæmdir við lagfæringar á salernum í Baldurshaga. Á árinu eru áætluð framlög til ýmissa viðhaldsverkefna í öllum þremur félagsheimilunum.



6.4. Vatneyrarbúð á Patreksfirði

Á árinu 2020 hófust framkvæmdir við Aðalstræti 1, á Patreksfirði sem almennt er nefnd Vatneyrarbúð og hafa framkvæmdir staðið yfir fram til ársins 2022. Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir að klára framkvæmdir innan húss svo starfsemi geti hafist í húsinu. Þá verður munum sem tilheyra húsinu komið upp í áföngum en ráðinn var verkefnastjóri hjá Minjasafni Egils Ólafssonar á Hnjóti til að ljúka við skráningu og flokkun munanna með styrk frá Safnasjóði. Í húsinu verður safnmunum hússins gerð skil í bland við vinnuástöðu fyrir stofnanir, fyrirtæki og frumkvöðla, rými fyrir fjarnema á háskólastigi, auk samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar. Unnið er að því að setja ramma utan um starfsemina og fara að kynna fyrir aðilum til leigu og nýtingar. Tilgangurinn er að þetta sögufræga hús í Vesturbyggð verði gætt lífi á nýjan leik og í leiðinni að bæta aðstöðu fyrir skrifstofustörf í sveitarfélaginu.

6.5. Muggstofa á Bíldudal

Þann 1. október 2021 var Muggstofa á Bíldudal opnuð. Muggstofa er samfélags- og nýsköpunarmiðstöð sem er samstarfsverkefni Vesturbyggðar og áhugamannafélags um Skrímslasetur á Bíldudal. Þar fer fram fjölbreytt starf og þjónusta ásamt því að þar er aðstaða til sköpunar og frumkvöðlastarfs. Í miðstöðinni fer fram starfsemi bókasafnsins og félagsstarfs aldraðra, en lögð er rík áhersla á að efla félagstarf aldraðra með fjölgun viðburða, námskeiða o.fl. Eftir að loka þurfti skólalámsnæði Bíldudalsskóla hefur vinnuástaða starfsfólks færst yfir í Muggstofu og því ekki verið jafn mikið rými fyrir frumkvöðla og fjarnema í háskólanámi og áður var áætlað. Þegar húsnaðismál Bíldudalsskóla verða leyst verður þó boðið upp á aðstöðu að nýju. Starfsmenn ráðhúss Vesturbyggðar hafa einnig verið að nýta aðstöðuna í Muggstofu.

Nýr forstöðumaður Muggstofu sem einnig er menningar- og ferðamálafulltrúi Vesturbyggðar tók til starfa haustið 2022. Menningar- og ferðamálafulltrúi hefur m.a. komið að undirbúningi og veitt aðstoð fyrir kvikmyndahátíðina Skjaldborg, sjómannadaginn á Patreksfirði, Bíldudals grænar, Patreksdaginn og fleiri menningar- og ferðamálatengd verkefni. Á árinu 2023 er áætlað að hefja vinnslu við menningarstefnu Vesturbyggðar en stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Vesturbyggð var kláruð á árinu 2022. Vestfirðir hafa verið vinsæll ferðamannastaður undanfarin ár og er mikilvægt að við hlúum vel okkar helstu perlum og ferðamannaseglum.

6.6. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti

Veitt er framlag til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti, sem Vesturbyggð rekur ásamt Tálknafjarðahrepp. Starfsemi safnsins hefur gengið ágætlega eftir Covid-19 faraldurinn. Hönnuð hefur verið ný grunnsýning í safninu, þ.e sýning um Látrabjarg sögu þess náttúru og matarkistuna þar í kring, auk þess sem björgunarafrekinu við Látrabjarg eru gerð góð skil. Framlög Vesturbyggðar til safnsins nema samtals 12,7 millj. kr. á árinu 2023.



6.7. Styrkir og framlög

Menningar- og ferðamálaráð veitti 19 styrki til menningar- og ferðamála í Vesturbyggð á árinu 2022 fyrir samtals 1.8 millj.kr. krónur. Í fjárhagsáætlun 2022 var gert ráð fyrir tveimur milljónum króna í þessa styrki en sú fjárhæð verður 2,7 milljónir árið 2023. Styrkir voru bæði veittir til verkefna sem voru unnin í heimabyggð, þar má nefna Blús milli fjalls og fjöru og Píanóhátíð Vestfjarða, sem og verkefna sem komu til að sýna í Vesturbyggð, svo sem leiksýningin Góðan daginn faggi og myndlistarferðalagið Nr. 4 Umhverfing.

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir styrkjum vegna hátíðarhalda í samræmi við samstarfssamninga, sér í lagi við Bíldudals grænar baunir, sjómanna daginn á Patreksfirði og Skjaldborgarhátíð, þar sem gert er ráð fyrir árlegu framlagi Vesturbyggðar til hátíðanna.

7. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna að frátöldum tekjum munu nema 65,2 millj. kr. á árinu 2023 en voru samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 áætluð 51,6 millj. kr. Framlöggin hækka því nokkuð á milli ára sem kemur til vegna leigu ofanflóðavarna til eignasjóðs

7.1. Slökkvilið


Á árinu 2022 var unnin úttekt á kostum þess að stofna byggðasamlag um brunavarnir meðal Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Eftir að sveitarfélögin ákváðu að taka upp óformlegar sameiningaviðræður var ákveðið að fresta því verkefni að setja slökkviliðin í byggðasamlag þar til niðurstaða lægi fyrir um hvort af sameiningu sveitarfélaganna yrði.

Ekkert varð úr samkomulagi á grundvelli viljayfirlýsingar sem var undirrituð 9. nóvember 2021 um undirbúning byggingar björgunarmiðstöðvar á Patreksfirði, þar sem gert er ráð fyrir að búnaður og aðstaða verði fyrir slökkvilið Vesturbyggðar á Patreksfirði, Björgunarsveitina Blakk og sjúkrabíla Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Vesturbyggð hefur þó áhuga á að skoða betur björgunarmiðstöð á Patreksfirði þar sem gert verði ráð fyrir öllum framangreindum búnaði nema ekki þeim búnaði sem væri á vegum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Bakvaktir hafa verið greiddar á árinu 2022 og komið í fastar skorður undir lok árs 2022 í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Þar með verða skyldur sveitarfélaganna um bakvakt stjórnanda skv. reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 uppfylltar á árinu 2023. Áætlað er að vinna að úrlausn eldvarnareftirlitsmála á árinu 2023, enda vilji til þess að brunavarnaráætlun sveitarfélaganna geti tekið gildi.

Til málaflokksins eru áætlaðar 50,4 millj. kr. á árinu 2023 en samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 með viðaukum voru áætlaðar 46,2 millj. kr. árið 2022

Ný slökkviliðsbifreið sem áætlað er að verði staðsett á Bíldudal verður keypt og afhent á árinu 2023.



7.2. Almannaþarnir

Almannaþarnarnefnd á sunnanverðum Vestfjörðum fundaði einu sinni á árinu 2022. Nefndin hefur haft til skoðunar undirbúning við vinnslu hópslysaáætlunar, skipulag æfingarinnar liggur fyrir en eftir á að festa dagsetningu. , Áætlað framlag til æfingarinnar á árinu 2023 eru 500.000 kr.

Framkvæmdum við ofanflóðavarnir við Urðir, Mýrar og Hóla miðar líkur að mestu á árinu 2022. Á árinu 2023 verður þó unnið við frágang og mótvægisáðgerðir. Áætlaður kostnaður Vesturbyggðar við framkvæmdina á árinu 2023 31,4 millj. kr., gert er ráð fyrir lántöku hjá Ofanflóðasjóði að fjárhæð 31,4 millj. kr. Samtal við yfirvöld eru mikilvægt til fjármagn til uppbyggingar ofanflóðavarna í Vesturbyggð haldi áfram.

8. Umhverfis- og framkvæmdasvið

Meginverkefni umhverfis- og framkvæmdasviðs er yfirumsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum á vegum sveitarfélagsins, rekstur og viðhald veitukerfa, umhverfis- og hreinlætismál sem og umsjón með eignasjóði, þ.m.t. eignum í eigu Fasteigna Vesturbyggðar. Einnig heyrir undir sviðið umsjón vegna dýrahalds innan sveitarfélagsins sem og meindýravarnir. Þá heyrir þjónustumiðstöðvar/áholdahús og málefni félagsheimila Vesturbyggðar undir sviðið.

8.1. Landbúnaðarmál, fjallskil o.fl.

Á árinu 2023 er lagt á öll lönd í Vesturbyggð 2% af landverði allra jarða í samræmi við ákvæði laga um fjallskil, afréttarmálefni o.fl.



8.2. Refa- og minkaeyðing

Á árinu 2020 var endurnýjaður samningur Vesturbyggðar við Umhverfisstofnun um refaveiðar. Markmið samningsins er að hafa yfirsýn yfir þær aðgerðir sem þarf til að stemma stigu við fjölgun refa og draga úr tjóni af þeirra völdum, sem og skapa fyrirsjáanleika varðandi endurgreiðslur ríkissjóðs vegna refaveiða innan Vesturbyggðar. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Auglýst var eftir aðilum til grenjaleitar og grenjavinnslu í Vesturbyggð og var gengið frá samningum við 7 aðila. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði gerð á þessum málaflokki á árinu 2023.

8.3. Umhverfismál

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaður vegna umhverfismála verði 33,3 millj. kr. á árinu 2023. Mikil áhersla hefur verið lögð á umhverfismál og fegrun umhverfis sveitarfélagsins á síðustu árum. Verktaki hefur séð um hirðingu og slátt opinna svæða á Bíldudal og Patreksfirði. Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir framlögum til að bregðast við mörgum þeim ábendingum sem komið hafa fram hjá íbúum. Ekki er gert ráð fyrir miklum malbikunarframkvæmdum á árinu að undanskilinni malbikun og frágangi á Mýrum Patreksfirði. Einnig er gert ráð fyrir að gera götu að fjölbýlishúsinu á Bíldudal, hefja gerð vegar að Krossholtum og Engjum. Haldið verður áfram með gerð gangstétta á Patreksfirði og Bíldudal og snyrtingu svæða í þéttbýli. Íbúar og rekstraraðilar eru svo áfram hvattir til að huga vel að umhverfi sínu, gördum og húsum sem og að senda sveitarfélaginu ábendingar um það sem betur má fara.

Heildarkostnaður við umferðar- og samgöngumál er áætlaður 78,5 millj. kr. á árinu 2023.

8.4. Þjónustumiðstöðvar/áhaldaús

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir neikvæðri afkomu þjónustumiðstöðva, þ.e. áhaldaússins á Patreksfirði og Bíldudal. Í fjárhagsáætlun 2022 var keypt húsnæði sem hýsa mun starfsemi áhaldaússins á Bíldudal, húsið verður sett upp á árinu 2023. Mikil vinna var á herðum starfsmanna áhaldaússins í tengslum við framkvæmdir vatnsveitu á Patreksfirði og Bíldudal. Vegna mikils álags og aukinna verkefna í fjárfestingum Vesturbyggðar er gert ráð fyrir viðbótarstöðugildi í þjónustumiðstöðvarinnar. Starfsmaðurinn verður staðsettur á Patreksfirði en áhersla er á að starfskraftar áhaldaúsanna séu nýttir í öllu sveitarfélaginu.

8.5. Hreinlætismál

Á árinu 2022 var fjölgað þeim flokkum endurvinnanlegs efnis sem sótt verður að heimilum í sveitarfélaginu og þá hófst söfnun á lífrænum úrgangi í þéttbýli. Með þessum breytingum í skipulagi úrgangsmála, mun Vesturbyggð verða meðal þeirra fremstu í meðferð úrgangsflokka til endurnýtingar og tekur þannig jákvæð skref í átt að kolefnisjöfnuði til framtíðar. Samhliða aukinni þjónustu og breytinga í löggjöf um meðhöndlun úrgangs er áætlað að kostnaður við sorphirðu og sorpeyðingu muni aukast á næstu árum ef fyrirkomulagi, t.d. fjölda sorphosunar eða sorphiláta verður ekki breytt. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna samnings milli Vesturbyggðar og Kubbs geti numið um 68 m.kr. árið



2023 og að þjónustugjöld vegna sorphirðu nema sömu fjárhæð, eða sem næst raunkostnaði við þjónustu við sorphirðu og sorpeyðingu. Við gildistöku laga nr. 103/2021 um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs 1. janúar 2023, er Vesturbyggð óheimilt að greiða með málafloknum um meðhöndlun úrgangs. Vesturbyggð er þá skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu og taka upp kerfið borgað þegar hent er. Töluverðar breytingar hafa átt sér stað í málafloknum og enn eru nokkur skref eftir til að fullnægja ákvæðum laganna sem skyldi. Við álagningu gjalda má líta til þess að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Núverandi fyrirkomulag um fast gjald á hverja fasteign mun því aðeins eiga við að hluta.

Í gjaldskrá um sorphirðu og sorpeyðingu í Vesturbyggð er gert ráð fyrir 51% hækkun á sorphirðu- og sorpeyðingagjaldi á milli ára, en við fjárhagsáætlunargerð 2022 var fyrsta skrefið stigið í hækkun málaflokksins með 30% hækkun gjalda.

Á árinu 2022 var unnið deiliskipulag fyrir nýtt móttökusvæði sorps á Patreksfirði upp á Engjum fyrir utan Mýrar. Áætlað er að fara í gatnagerð að hluta upp að svæðinu, kanna ofanflóðahættu á hinu nýja svæði ásamt því að klára hönnun og gera kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina.

8.6. Framkvæmdir

Ofanflóðavarnir Patreksfirði

Á Patreksfirði standa yfir framkvæmdir við að reisa tvo varnargarða sem staðsettir eru fyrir ofan byggð. Annars vegar leiðigarður sem leiðir flóð framhjá byggð ofan Hóla og Mýra, svokallaður Mýrargarður sem er um 550 metra langur og verður hæð hans á bilinu 5-11 metrar. Hinsvegar þvergarður með leiðigarðshluta sem staðsettur er fyrir ofan Urðargötu og Aðalstræti, svokallaður Urðargarður. Hann verður um 600 metra langur og hæð hans á bilinu 8-13,5m og mun hann tengjast núverandi ofanflóðavörnum fyrir ofan Patrekskóla og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Ofanflóðavarnirnar munu auka verulega öryggi íbúa á Patreksfirði, sérstaklega íbúa á Hólum, Mýrum og Urðargötu, þar sem ekki er óalgengt að rýma þurfi hús á veturna. Heildarkostnaður við framkvæmdina verður um 1,5 milljarðar króna. Framkvæmdir hófust vorið 2020, frágangi við varnargarðana verður að mestu lokið í lok árs 2022, en mótvægisáðgerðum og umhverfisfegrin á að vera að fullu lokið 1. desember 2023.

Ofanflóðavarnir Bíldudal

Náttúrustofa Vestfjarða vinnur nú fornleifarannsóknir og mat á umhverfisáhrifum í samráði við framkvæmdasýslu ríkisins á grundvelli lokaskýrslu um frumathugun á ofanflóðavörnum á Bíldudal. Þar er gert ráð fyrir þvergördum og grindum fyrir ofan byggðina. Þeir þvergarðar sem gert er ráð fyrir að muni rísa eru frá 4 upp í 14 metrar á hæð og munu geta tekið við aurskriðum, grjóti, snjó og krapaflóðum. Horfið var frá áformum um nýbyggingar við Lönguhlíð vegna endurmats á því hættumati sem unnið verður vegna varnargarðsins við Búðagil í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri í upphafi árs 2020. Ofanflóðasjóður hefur upplýst Vesturbyggð að samþykkt hefur verið að fara í hönnun varnanna, ekki er ljóst hvenær áætlað er að hefja framkvæmdir.



Gangstéttar og kantsteinar

Á árinu 2022 var lögð áhersla fegrun umhverfis í sveitarfélaginu og verður þeirri vinnu framhaldið. Umferðaröryggisáætlun er í vinnslu, en færa þarf hámarkshraða í þéttbýli niður í 30 km. hámarkshraða.

Leiksvæði

Á árinu 2022 var Vesturbyggð gefin leiktæki af einkaaðilum en unnið er að uppsetningu þeirra. Áætlað er að kaupa nokkur leiktæki fyrir leiksvæði utan skólalóða í sveitarfélaginu fyrir lok árs 2022 og setja upp á árinu 2023. Unnið verður að skipulagningu grunnskólalóðarinnar við Patreksskóla, einnig verður farið í skipulagningu leiksvæðis við Bíldudalsskóla í tengslum við ákvarðanir um framtíðarhúsnæði skólans.

Tjaldstæði á Patreksfirði

Nýtt salernishús var sett upp við tjaldstæðið á Bíldudal sumarið 2021. Við framtíðarskipulagningu leik- og grunnskólamála á Bíldudal verður ákveðið hvar tjaldsvæðið á Bíldudal verður til frambúðar, en núverandi tjaldsvæði er á þeim stað sem líklegast yrði byggt á ef af því yrði. Því verður ekki farið í framkvæmdir á tjaldsvæðinu á Bíldudal á árinu 2023. Á árinu var blásið rykið af gamalli hönnun tjaldsvæðisins á Patreksfirði, en áætlað er að framkvæma í samræmi við það skipulag um ókomin ár. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að koma fyrir salernis- og sturtuadstöðu á tjaldstæðinu á Patreksfirði.

8.7. Veitur Vesturbyggðar

Vatnsveita

Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir að tekjur vatnsveitna verði 67,5 millj. kr. og útgjöld 37,8 millj. kr. Verulegar viðhaldsframkvæmdir voru á árunum 2021 og 2022 og gert er ráð fyrir töluverðu viðhaldi og endurnýjun lagna í vatnsveitu á Patreksfirði og Bíldudal, auk viðhalds á Krossholtum, samtals 43 millj. kr.

Fráveita

Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir að tekjur frá fráveitu verði 44,9 millj. kr. en heildargjöld vegna fráveitu eru áætluð um 33 millj. kr. Unnið er lagfæringu og endurnýjun fráveita með það í huga að fráveita verði til lengri tíma hreinsuð við útrás, en í viðhald og fjárfestingar á árinu 2023 er áætlað um 26 millj. kr.

8.8. Fasteignir Vesturbyggðar

Á árinu 2022 er unnið í lagfæringum á Kambi, sem verða kláraðar á árinu 2023, vegna raka í tveimur íbúðum. Einnig verður unnið áfram að lagfæringum húsnæðis fasteigna Vesturbyggðar í samráði og samstarfi við húsfélög þar sem það á við.



9. Fjármála- og stjórnsýslusvið

Meginverkefni sviðsins er almenn þjónusta við íbúa, fyrirtæki og eigin starfsmenn og stofnanir. Umsjón með starfsmanna- og launamálum, skjalastjórnun og -varsla, bókhald, áætlanagerð, innheimta, greiðsla krafna og önnur umsjón fjármála, tölvu- og hugbúnaðarumsýsla og umsjón með vefsíðu sveitarfélagsins. Undir sviðið falla einnig menningarmál, ferðamál og atvinnumál. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs er fjármálastjóri sveitarfélagsins og staðgengill bæjarstjóra.

9.1. Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta

Stöðug og regluleg vinna er innan sviðsins við að uppfæra reglubundið reglur og vinnuferla sveitarfélagsins, með það að markmiði að hverju sinni séu endurspeglaðir þeir starfshættir og stjórnsýsla sem fer fram á vegum Vesturbyggðar. Á nýju ári er lögð áhersla á gerð gæðahandbókar með vinnuferlum sveitarfélagsins, með áherslu á sambærilega afgreiðslu mála og varðveitingu þekkingar.

Unnið hefur markvisst að því að auka yfirsýn þeirra mála sem koma til afgreiðslu sveitarfélagsins, en heildarfjöldi erinda sem berast sveitarfélaginu árlega eru um 1.500 talsins. Þá var áfram á árinu unnið í flokkun óvirkra skjala, skráningu og pökkun í samræmi við skjalavistunaráætlun sveitarfélagsins.

Þá hefur aukist þungi í málum er varða upplýsingabeidnir á grundvelli upplýsingalaga og stjórnsýslulaga.

9.2. Mannauðs- og kjaramál

Jafnlaunavottun

Vesturbyggð hlaut jafnlaunavottun í september 2020, þar sem staðfest var að jafnlaunakerfi sveitarfélagsins samræmist kröfum Jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012. Með innleiðingu jafnlaunavottunar hjá Vesturbyggð í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hefur sveitarfélagið komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. BSI group (British Standards Institution) framkvæmdi úttektir og vottaði jafnlaunakerfi sveitarfélagsins á árinu 2022.

Kjarasamningar

Aukinn þungi hefur verið í vinnslu verkefna er tengjast kjarasamningum. Þar má helst nefna innleiðingu styttingar vinnuvikunnar, en sveitarfélagið hefur nálgast verkefnið út frá þeim þáttum að stytting vinnuvikunnar hafi ekki áhrif á þjónustu sveitarfélagsins með það að markmiði að styttingin feli ekki í sér aukinn kostnað. Þrátt fyrir þessa nálgun hefur komið til kostnaðar í undantekningartilvikum. Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar eru flestir kjarasamningar lausir og óljóst hvaða kjarabætur koma til með þeim samningum.



9.3. Upplýsingatæknimál og persónuvernd

Upplýsingatæknimál

Á árinu 2022 var lögð áhersla á eflingu öryggis- og rekstrarþjónustu útstöðva sveitarfélagsins. Markmið verkefnisins er að auka enn frekar örugga meðferð gagna á vegum sveitarfélagsins og verja sveitarfélagið enn betur fyrir öryggisbrestum og netárásum.

Persónuvernd

Innleiðing persónuverndarstefnunnar er langt komin á árinu 2022 og verið er að vinna við yfirferð verkferlar og vinnslusamningar vegna söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga. Lögð er rík áhersla á að meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf á hverjum tíma. Dattaca Labs aðstoðaðar Vesturbyggð við innleiðinguna.

9.4. Upplýsinga- og kynningarmál

Upplýsingastefna

Bæjarstjórn Vesturbyggðar staðfesti upplýsingastefnu sveitarfélagsins á 363. fundi sínum 15. september 2021 og er hún aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar. Upplýsingastefnan hefur að markmiði að tryggja gagnsæi í stjórnsýslu, þannig að allir sem hagsmuni eiga geti haft greiðan aðgang að upplýsingum um starfsemi Vesturbyggðar.

Heimasíðan – vesturbyggd.is

Heimasíða Vesturbyggðar gegnir mikilvægu hlutverki fyrir sveitarfélagið til að koma á framfæri fljótt og örugglega upplýsingum til íbúa sveitarfélagsins. Fleiri teikningar eftir Veru Voishvilo litu dagsins ljós á árinu 2022 sem sýna helstu staði og kennileiti sveitarfélagsins. Heimasíður fyrir skólstofnanir sveitarfélagsins eru að fara í loftið, til að auka betur miðlun upplýsinga um starfsemi skólstofnana sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir enskri útgáfu á heimasíðunni.

9.5 Atvinnumál

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir framlögum til Markaðsstofu Vestfjarða í gegnum framlag sveitarfélagsins til Vestfjarðastofu. Á árinu 2022 eru tveir starfsmenn Vestfjarðastofu með aðsetur á Patreksfirði og er það ákaflega mikilvægur þáttur í aukinni og góðri samvinnu milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða.



10. Hafnir Vesturbyggðar

10.1. Almenn um hafnarsjóð Vesturbyggðar

Hafna- og atvinnumálaráð hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafna í Vesturbyggð. Hafnir í Vesturbyggð eru fjórar, Patrekshöfn, Bíldudalshöfn, Brjánslækjarhöfn og Örlygshöfn. Hlutverk hafna í Vesturbyggð er að þjónusta fyrirtæki með haftengda starfsemi í samræmi við ákvæði hafnalaga nr. 61/2003.

Heildartekjur hafnarsjóðs eru áætlaðar 283,2 millj. kr. en gjöld eru áætluð 215,7 millj. kr. Rekstur hafnarsjóðs er því áætlaður jákvæður upp á 67,5 millj. kr. á árinu 2023. Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að almenn verðlagshækkun á gjaldskrá hafnarsjóðs verði 7%. Tekjurnar eru sambærilegar og árið á undan, en í áætlun er gert ráð fyrir að samningur sem byggir á viljayfirlýsingu um aflagjöld vegna eldisfisks verði fullgildur og að hluti þess eldisfisks sem slátrað er nú á Bíldudal verði slátrað í Bolungarvík síðari hluta ársins 2023.

Ágreiningur hefur verið um útreikning aflagjalda af eldisfiski og hefur sveitarfélagið unnið markvisst í því að fá gjaldtökuheimild hafnalaga nr. 31/2006 skýrðar, svo gjaldtökugrundvöllur hafnasjóðs fyrir töku gjalds af eldisfiski sé skýr.

10.2. Framkvæmdir við hafnamannvirki

Bíldudalshöfn og Patrekshöfn eru handhafar Bláfánans sem er alþjóðleg umhverfissvottun sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjávarferðamennsku fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum, en meginmarkmið verkefnisins er að vernda lífríki haf- og strandsvæða, draga úr umhverfisáhrifum, bæta öryggi og efla umhverfisvitund.

Ekki hafa verið birtar upplýsingar um verkefni í samgönguáætlun ársins 2023 og því ekki ljóst hvaða verkefni verður endanlega farið í á höfnum Vesturbyggðar á árinu.

Stórframkvæmdir hafa staðið undanfarin ár yfir við Bíldudalshöfn þar sem tengdur var stórskipakantur og hafskipakantur ásamt endurbyggingu hafskipabryggju. Árið 2022 var framkvæmdum við hafnamannvirkin lokið þegar steipt var þekja á höfnina. Á árinu 2023 er áætlað að kaupa aðstöðuhús fyrir hafnarvörð og hefja framkvæmdir við nýjan viðlegukant neðan Hafnarbrautar, ef verkefnið verður styrkt af samgönguáætlun.

Á árinu 2023 verður klárað verkefnið við landfylling við hafnarsvæði á Bíldudal, en Vesturbyggð fékk úthlutað sérstakri fjárveitingu til verksins í gegnum sérstakt fjárfestingaáttak ríkisstjórnarinnar vegna kórónufaraldursins.

Rannsóknir vegna athugunar við gerð hafskipakants við Patrekshöfn fór fram á árinu 2022 á vegum Vegagerðarinnar, en leggur hafnasjóður Vesturbyggðar 3,6 millj. kr. framlag til rannsóknanna. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir nýrri flotbryggju fyrir Björgunarskipið Vörðinn og tenderbáta skemmtiferðaskipa.



Miklar framkvæmdir hafa verið á Brjánslækjarhöfn á árinu 2022, varðandi smábátaaðstöðu, 140 m. hafnargarður og færsla á flotbyggju hefjist, en framlag til framkvæmdanna er veitt úr Hafnarbótasjóði skv. þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024. Vonast er til þess að fjármagn komi í nýja flotbyggju við Brjánslækjahöfn á árinu 2023.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að fegra umhverfi hafnarsvæða í Vesturbyggð og þrátt fyrir að ásýnd hafi batnað nokkuð þá er enn nokkuð í land að ástandið teljist viðunandi. Notendur hafnanna og rekstraraðilar á hafnarsvæðum í Vesturbyggð eru hvattir til að huga betur að umhverfi sínu og verður haldið áfram að fylgja því eftir.

11. Skipulags- og byggingamál

Áfram er gert ráð fyrir að þjónusta skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins verði keypt í verktöku og áfram verði byggingafulltrúi í 50% starfi hjá Vesturbyggð.

11.1. Skipulagsmál

Málum er snúa að breytingum á aðalskipulagi og deiliskipulagi innan sveitarfélagsins hefur fjölgað nokkuð og umfang þeirra aukist í takti við aukin umsvif innan sveitarfélagsins. Vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags í Vesturbyggð lauk seint á árinu 2021. Meginástæður endurskoðunarinnar var að skipulagstímabil núgildandi aðalskipulags var að ljúka, ný ákvæði skipulagslaga og reglugerðir hafa tekið gildi, landsskipulagsstefna hefur verið staðfest og þá hefur orðið mikil uppbygging í sveitarfélaginu og breytingar í samgöngukerfi sem kallar á nýja stefnumótun varðandi skipulag sveitarfélagsins.

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að farið verði í tvö deiliskipulög á vegum Vesturbyggðar, með áherslu á fjölgun íbúðarlóða. Einnig er í áætlun að færa teikningar af fasteignum í sveitarfélaginu á tölvutækt og aðgengilegt form.

11.2. Byggingamál og lóðaúthlutunir

Málum vegna lóðaúthlutana og byggingaleyfa hefur fjölgað á milli ára og er að merkja aukinn áhuga á lóðum í sveitarfélaginu til nýbygginga, bæði í dreif- og þéttbýli samhliða auknum umsvifum og mikilli fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Endurnýjun og útgáfa lóðaleigusamninga hefur einnig aukist mikið á milli ára.

12. Breytingar á reglugerð um samantekin reikningsskil

Með breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaðri ábyrgð.

Í tilviki Vesturbyggðar á þetta við um eftirtalin samrekstrarverkefni:

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Náttúrustofa Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Áætlanir framangreindra rekstrareininga fyrir árin 2023 til 2026 um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi liggja ekki fyrir og því hafa áhrif þeirra ekki verið færð í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Þegar samþykktar fjárhagsáætlanir framangreindra rekstrareininga liggja fyrir á viðeigandi formi er fyrirhugað að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023 til 2026.

Upplýsingar um framangreind samstarfsverkefni liggja ekki fyrir og því vantar þær upplýsingar í fjárhagsáætlunina.